

Persónuverndarstefna AJ Vörulistans – útgáfa 2.0_2018

Við hjá AJ Vörulistanum leggjum okkur ávallt fram við að byggja upp langtíma sambönd við þau fyrirtæki sem eru í viðskiptum við okkur og starfsmenn þeirra, auk þeirra neytenda sem kaupa beint frá okkur. Mikilvægur hluti af því er að hafa mikið gagna öryggi í formi stöðugra tölvukerfa og verkferla. Viðskiptavinir okkur eru okkur sérstaklega mikilvægir og þess vegna munum við aldrei deila þeim upplýsingum sem við höfum um þá með öðrum fyrirtækjum.

Persónuverndarstefnan útskýrir hvernig við söfnum saman og notum persónuupplýsingarnar og hvaða leið þú getur farið til þess að fara fram á þær, breytt þeim eða eytt þeim. Okkar markmið er að verkferlar og tölvukerfi séu í samræmi við ný lög um GDPR (General Data Protection Regulation), sem voru gerð lögbundin í öllum Evrópusambands ríkjum þann 25.maí 2018.

Upplýsingar um viðskiptavin, hvaða upplýsingum er safnað saman, hvernig er þeim safnað saman og hvers vegna ?

Þegar þú verslar við okkur sem tengiliður fyrir fyrirtæki, gefur þú upp persónuupplýsingar þínar svo sem nafn, netfang, símanúmer. Einstaklingur gefur vanalega einnig upp heimilisfangið sitt.

Upplýsingarnar eru fyrst og fremst notaðar af AJ Vörulistanum til þess að veita þér góða viðskiptaupplifun í gegnum pöntunina; kynningu á vöruúrvalinu hjá okkur, pöntun, afhendingu, ef upp koma kvartanir/ábyrgðamál og til þess að þróa áfram tölvukerfin og verkferlana. Við skrásetjum öll samskipti okkar við þig. Samskipti okkar við þig sem viðskiptavin fara fram t.d. í gegnum síma, tölvupóst, netspjall, bréfleiðis, augliti til auglitis og í gegnum stafræna fjölmiðlun.

Hver ber ábyrgð á þeim persónuupplýsingum sem er safnað saman ?

Ábyrgur fyrir persónuupplýsingum er AJ Produkter AB (publ), 556190-7329, 301 82 Halmstad. Vinnsla gagnanna er framkvæmd af okkur eða einum af samstarfsaðilum okkar.

Hvaða upplýsingum er safnað, í hvaða tilgangi og hverslu lengi eru þær geymdar ?

| Tilgangur | Framkvæmd vinnslu | Tegund persónuupplýsinga |
|--|---|---|
| Meðhöndlun á pöntun | Afhending (inniheldur tilkynningar og samskipti varðandi afhendinguna) Meðhöndlun á kvörtunum og ábyrgðamálum. | Fyrirtæki: Tengiliðaupplýsingar fyrir fyrirtæki í viðskiptum eins og nafn starfsmanns sem ber ábyrgð á pöntuninni, netfang fyrirtækisins og símanúmer. Einstaklingur: Tengiliðaupplýsingar einstaklinga í viðskiptum eins og nafn, netfang og símanúmer. |
| Meðhöndlun á bókun fyrir þjónustu. | Bókun á samsetningu og heimsendingu/burði. | Fyrirtæki: Tengiliðaupplýsingar fyrir fyrirtæki í viðskiptum eins og nafn starfsmanns sem ber ábyrgð á pöntuninni, netfang fyrirtækisins og símanúmer. Einstaklingur: Tengiliðaupplýsingar einstaklinga í viðskiptum eins og nafn, netfang og símanúmer. |
| Lagagrundvöllur: Til að uppfylla kaupsamninginn. Upplýsingarnar eru bæði geymdar og unnar með lagalegum stuðningi bindandi samnings og / eða lögmætra hagsmuna. | | |
| Geymslutími: Tengiliðaupplýsingar fyrirtækja/einstaklinga: Tímabil gagnageymslunnar byggist á því hversu oft viðskiptavinir okkar versla hjá okkur og ábyrgðartímabilinu á vörunum okkar (minnst 3 ár – hámark 30 ár). Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina eru geymdar í allt að 4 ár, og verða síðan nafnlausar. Þessi vinnsla er gerð mánaðarlega. Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina sem eru eldri en 4 ára með opinn reikning verða ósnertar og metnar aftur fyrir nafnleysi í næsta mánuði. Fyrir einstaklinga: Þar til skuldbinding okkar við þig sem neytanda og pöntun þinni verið lokið (afhent, greidd, skilað og jafnvel að ábyrgðartímabilinu loknu, og síðan allt að 36 mánuði). | | |

| Tilgangur | Framkvæmd vinnslu | Tegund persónuupplýsinga |
|--|---|---|
| Til að hægt sé að kynna viðeigandi vörulínu og koma með tillögur að vörum, innblástur og aðra viðeigandi starfsemi og fréttir. | Byggist á þeim gögnum sem við söfnum (t.d., sölusögu, aldri, kyni og sérstökum óskum), við greinum gögnin, sem getur gert það að verkum að þú verð flokkuð/aður í ákveðinn viðskiptahóp (kallast viðskiptaflokkur eða iðnaðar tegund) eða færð sér uppsetningu. Út frá þessum greiningum er grunnurinn lagður að þeim tilboðum sem við teljum að séu viðeigandi fyrir þig. Þessar upplýsingar eru svo notaðar sem grunnur til þess að skapa mismunandi gerðir af markaðsherferðum, svo sem með tölvupósti eða stafrænum auglýsingum í fjölmiðlum. | Nafn, Notendanafn, Kyn. Tengiliðaupplýsingar eins og heimilsfang, netfang, símanúmer. Staðsetning búsetu. Sölusaga Gögn sem verða til við verslun og notkun á síðunni (t.d., smellir og heimsóknir á heimasíðuna okkar og frá miðlum sem hafa beina tengingu við stafrænu gáttirnar okkar eins og ; Google, Bing, samskiptamiðlum, stafrænu neti fyrir auglýsingar, og okkar eigin og utanaðkomandi viðskiptakönnunum. |
| Lagagrundvöllur: Lögmætur áhugi. Vinnslan er nauðsynleg til þess að fullnægja lögmætum áhuga okkar og viðskiptavinarins í að meta, þróa og bæta tilboðin okkar, gáttirnar og tölvukerfin. Lagalegar ástæður fyrir því að senda út fréttabréf. Upplýsingarnar eru geymdar og unnar með lagalegum stuðningi út frá bindandi samningi. | | |
| Geymslutími: Tengiliðaupplýsingar fyrirtækja/einstaklinga: Tímabil gagnageymslunnar byggist á því hversu oft viðskiptavinir okkar versla hjá okkur og ábyrgðartímabilinu á vörunum okkar (minnst 3 ár – hámark 30 ár). Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina eru geymdar í allt að 4 ár, og verða síðan nafnlausar. Þessi vinnsla er gerð mánaðarlega. Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina sem eru eldri en 4 ára með opinn reikning verða ósnertar og metnar aftur fyrir nafnleysi í næsta mánuði. Fyrir einstaklinga: Þar til skuldbinding okkar við þig sem neytanda og pöntun þinni verið lokið (afhent, greidd, skilað og jafnvel að ábyrgðartímabilinu loknu, og síðan allt að 36 mánuði). | | |

| Tilgangur | Framkvæmd vinnsla | Tegund persónuupplýsinga |
|---|--|---|
| Svo hægt sé að greina, þróa og bæta vörurnar okkar og þjónustu, stafrænu og hliðstæðu gáttirnar okkar, og tölvukerfið. | Þróun heimasíðunnar okkar og virkni hennar eins og notendaupplýsingar, vörulýsingu og tengdar aðgerðir t.d. mínar síður. Hjálpar okkur að halda betur utan um flutningsferla og spá fyrir um birgðastöðu. Skapa stuðning við tölvukerfin okkar með það að leiðarljósi, að auka öryggi viðskiptavina okkar, birgja og samstarfsaðila. Stuðla að vöruþróun. Byggt á gögnum sem við söfnum (t.d. sölusögu, stærð fyrirtækis, starfsemi viðskiptavinar og landfræðilegri staðsetningu), svo flokkum við þau í mismunandi iðnaðartegundir og viðskiptaflokka. Gögnin eru svo notuð til viðskiptagreiningar. | Ábendingar og endurgjöf varðandi vörurnar okkar og þjónustu. Upplýsingar um hvernig þú hefur háttað samskiptum þínum við okkur. Nafnlaus gögn: (t.d. smellir og heimsóknasaga) – símhringingar og samtöl á Spjallinu. Tæknileg gögn sem gefa til kynna tæki sem er notað og stillingar þess (t.d. lén, tæki, vafra stillingar, stýrikerfi o.fl.) |
| Lagagrundvöllur: Lögmætur áhugi. Vinnslan er nauðsynleg til þess að fullnægja lögmætum áhuga okkar og viðskiptavinarins í að meta, þróa og bæta tilboðin okkar, gáttirnar og tölvukerfin. | | |
| Geymslutími: Tengiliðaupplýsingar fyrirtækja/einstaklinga: Tímabil gagnageymslunnar byggist á því hversu oft viðskiptavinir okkar versla hjá okkur og ábyrgðartímabilinu á vörunum okkar (minnst 3 ár – hámark 30 ár). Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina eru geymdar í allt að 4 ár, og verða síðan nafnlausar. Þessi vinnsla er gerð mánaðarlega. Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina sem eru eldri en 4 ára með opinn reikning verða ósnertar og metnar aftur fyrir nafnleysi í næsta mánuði. Fyrir einstaklinga: Þar til skuldbinding okkar við þig sem neytanda og pöntun þinni verið lokið (afhent, greidd, skilað og jafnvel að ábyrgðartímabilinu loknu, og síðan allt að 36 mánuði). | | |

Hvaða rétt hefur þú til þess að fá aðgang og breyta og/eða eyða þínum gögnum?

Það er mikilvægt fyrir okkur að þú hafir aðgang að þeim upplýsingum sem við höfum um þig, og ef þú óskar eftir því að fá nánari útlistun á þeim, getur þú farið fram á svokallað afrit. Þú getur gert þetta á einfaldan hátt með því að fylla út eyðublað á síðunni okkar www.ajvorulistinn.is/GDPR. Til að tryggja að við séum að senda upplýsingarnar til rétttrar persónu, þarft þú að send okkur afrit/mynd af ökuskírteini þínu eða vegabréfi sem viðhengi.

Þú getur einnig farið fram á að við fjarlægjum viðskiptaupplýsingarnar þína, “ Réttur til að eyða”. Tengiliðaupplýsingar viðskiptavina eru geymdar í allt að 4 ár, og verða síðan nafnlausar. Þessi vinnsla er gerð mánaðarlega. Tengiliðaupplýsingar fyrirtækja í viðskiptum við okkur eru endurskoðaðar og gerðar nafnlausar eftir 4 ár ef engin viðskipti hafa átt sér stað yfir 4 ára tímabil. Einstaklingar (t.d. upplýsingar um neytanda) fylgja sömu vinnslu varðandi nafnleysi eftir að við höfum staðið við allar skuldbindingar okkar við viðskiptavininn. Þú getur á einfaldan hátt komið með fyrirspurn í gegnum www.ajvorulistinn.is/GDPR, þar sem þú fyllir út eyðublað og sendir afrit/mynd af ökuskírteini þínu eða vegabréfi í viðhengi.

Ef þú vilt óska eftir breytingu eða leiðréttingu á tengiliðaupplýsingum eða afskrá þig af markaðssamskiptum eins og fréttabréfum og vörulistum, getur þú framkvæmt það á auðveldan hátt í gegnum mínar síður á vefsíðu okkar, í gegnum fréttabréfið sjálft eða hringt í þjónustudeild okkar í síma 557-6050.

Um persónuverndarstefnuna á síðunni

Þessi persónuverndarstefna á bara við þessa vefsíðu, ekki við vefsíður sem eru í eigu þriðja aðila. Síður sem þú ferð inn á í gegnum hlekki af okkar síðu hafa sína eigin persónuverndarstefnu. Þar sem þessar síður eru ekki undir stjórn AJ Vörulistans, getum við ekki borið ábyrgð á því efni sem birtist á þessum síðum. Þú ættir því að lesa persónuverndarstefnuna á þeirri vefsíðu sem þú ert að heimsækja.

Við erum hluti af Svensk Distanshandel og vottuð með Trygg ehandel (örugg rafræn viðskipti), sem inniheldur nokkur ákvæði þannig að þú upplifir þig öruggan sem viðskiptavin.

Um javascript á ajvorulistinn.is

Ajvorulistinn.is inniheldur javascript. Það er forritunarkóði sem gerir þér kleift að upplifa vefsíðuna okkar á sem bestan og auðveldastan hátt og mögulegt er. Í stuttu máli, er þörf á javascript svo hægt sé að birta myndir rétt, til að valmyndir, form og innskráning inn á mínar síður virki vel auk þess að endurheimta og flokka upplýsingar.

Um vafrakökur (cookies) á ajvorulistinn .is

Vafrakökur (cookies) eru litlar texta skrár sem eru geymdar í tölvunni þinni. Vafrakakan (cookie) sjálf inniheldur engar persónuupplýsingar, eins og netfangið þitt eða nafn, heldur eingöngu til þess að einfalda þér notkun á vefsíðunni okkar. Hún mun ekki hafa nein áhrif á tölvuna þína á nokkurn hátt. Það eru tvær týpur af vafrakökum (cookies). Önnur er kölluð vinnuvafrakökur (session cookies). Þær virka þannig að þær eru geymdar tímabundið í minni tölvunar þegar þú ert að vafra um síðuna, hverfa síðan þegar þú lokar netvafranum þínum.

Þegar þú skoðar ajvorulistinn.is og heimsækir vefköng sem innihalda ajvorulisinn.is eru vinnuvafrakökur (session cookies) notaðar, fyrir t.d. útfyllingar form. Þetta þýðir að gögnin þín eru

geymd tímabundið ef þú hefur sett þau inn á síðuna og virkar þannig sem öryggisafrit. Þetta kemur í veg fyrir að þú þurfir að setja allar upplýsingar inn aftur.

Hin týpan af vafraköku vistar skrá til lengri tíma á tölvunni þinni. Við notum hana til að auðvelda þér hlutina þegar þú heimsækir ajvorulisinn.is. Þetta hefur í för með sér að karfan þín, vistaður vörulisti og síðasta innskráning þín eru vistuð. Þetta er bara gert til þess að þú þurfir ekki að setja þessar upplýsingar inn aftur í næsta skipti sem þú heimsækir vefsíðuna.

Vafrakökurnar okkar eru einnig notaðar til þess að veita áræðanlegri tölfraði um gestaflæðið okkar, sem getur hjálpað okkur ekki bara til að viðhalda, heldur einnig til þess að bæta þá þjónustu sem við bjóðum gestum okkar uppá.

Vefsíða AJ Produkter notast við Google Analytics frá Google sem greiningarhugbúnað og Esales sem ábendingahugbúnað. Þeirra þjónusta notast einnig við vafrakökur (Cookies).

Við notum einnig vafrakökur til að veita gestunum okkar meiri viðeigandi auglýsingar. Vafrakökurnar eru skoðaðar af þriðja aðila svo sem Google, DoubleClick og Facebook. Ef þú vilt, þá býður Google upp á þjónustu þar sem þú getur á auðveldan hátt valið hvort að þú vilt þessar auglýsingar eða ekki: <https://www.google.com/settings/ads>.

Vafrakökurnar okkar eru þess vegna ætlaðar til að gera þér auðveldar fyrir sem gestur og einnig fyrir okkur. Þegar þú notar vefsíðuna okkar þarftu að samþykkja stefnuna okkar varðandi vafrakökur með því að smella á hnapp.

<https://www.personuvernd.is/efst-a-baugi/Umsagnir/2013/greinar/nr/1645>

Með hverjum megum við deila persónuupplýsingunum þínum?

Yfirumsjón persónuupplýsinga (Personal Data Officers). Í tilvikum þar sem er nauðsynlegt fyrir okkur að bjóða út þjónustuna okkar, deilum við persónuupplýsingunum með fyrirtækjum sem kallast fyrir okkur aðstoð við persónuupplýsingar (personal information assistants). Yfirumsjón með persónuupplýsingar (Personal information officer) er fyrirtæki sem vinnur úr upplýsingunum fyrir okkar hönd og algjörlega eftir okkar fyrirmælum. Við erum með yfirumsjón persónuupplýsinga til að hjálpa okkur með:

- 1) Flutning (flutningafyrirtæki og fraktþjónusta).
- 2) Greiðslulausnir (bankar og aðrar greiðslumiðlanir).
- 3) Markaðssetning (prentun og dreifing, samfélagsmiðlar, fjölmiðlastofnanir eða auglýsingastofur).
- 4) Tölvuþjónusta (fyrirtæki sem sjá um nauðsynlegan rekstur, tækniástoð og viðhaldi á upplýsingatæknilausnunum (IT solutions) okkar).

Þegar persónuupplýsingunum þínum er deilt með Yfirumsjón persónuupplýsinga (Personal Data Officers), er það eingöngu í samræmi við þann tilgang sem við höfum safnað saman upplýsingum (t.d. til þess að uppfylla skildur okkar gagnvart kaupsamningi eða þjónustuskilmálum). Við skoðum alla sem hafa Yfirumsjón með persónuupplýsingunum okkar og tryggjum að þeir geti boðið upp á fullnægjandi öryggisráðstafanir varðandi öryggi og trúnað persónuupplýsinga. Við erum með skriflegan samning við alla sem hafa Yfirumsjón með persónuupplýsingunum þar sem þeir ábyrgjast öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og skuldbinda sig til þess að uppfylla öryggiskröfur okkar, takmarkanir og kröfur varðandi meðhöndlun persónuupplýsinga á alþjóðavettvangi.

Fyrirtæki sem bera sjálf ábyrgð á gögnum.

Við deilum einnig persónuupplýsingunum þínum með nokkrum fyrirtækjum og stofnunum sem bera sjálf ábyrgð á gögnum. Það að fyrirtækin eða stofnanirnar beri sjálf ábyrgð á gögnum þýðir að við erum ekki með stjórn á því hvernig þau nýta þær upplýsingar sem við sendum til þeirra.

Fyrirtækin og stofnanirnar sem við deilum persónuupplýsingunum þínum með eru:

- 1) Ríkisstofnanir (lögregla, skattayfirvöld og aðrar stofnanir) ef við erum krafín um það með lögum eða ef grunur leikur á glæpsamlegu athæfi.
- 2) Fyrirtæki sem sjá um almenna vöruflutninga (flutningafyrirtæki og fraktþjónusta).
- 3) Fyrirtæki með greiðslulausnir (kortafyrirtæki, bankar og önnur greiðsubjónusta).

Þegar persónuupplýsingunum þínum hefur verið deilt með fyrirtæki eða stofnun sem ber sjálf ábyrgð á gögnum, falla þær undir persónuverndarstefnu og persónuupplýsingastjórnun viðtakanda.

Hvar vinnum við úr persónuupplýsingunum þínum?

Við leitumst alltaf til þess að vinna persónuupplýsingarnar þínar innan ESB / EES og öll tölvukerfin okkar eru staðsett innan ESB / EES. Samt sem áður, varðandi kerfisstuðning, viðhald og þróun, gætum við þurft að flytja gögnin í land sem er ekki innan ESB eins og t.d. ef við deilum persónuupplýsingunum þínum með persónuupplýsingaaðila, annað hvort þér eða í gegnum undirverktaka, sem er staðsettur eða geymir gögn í landi sem er ekki innan ESB. Í þessum tilvikum, mega þessir aðstoðaraðilar aðeins deila upplýsingum sem skipta máli fyrir tilganginn.

Óháð því í hvaða landi viðskiptaupplýsingarnar þínar eru unnar, þá gerum við allar lagalegar, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að verndarstigið sé það sama og innan ESB / EES.

Hvernig eru persónuupplýsingarnar þínar varðar?

Við notum tölvukerfi til þess að vernda friðhelgina, gagnaheilbrigði og aðganginn að viðskiptaupplýsingunum. Í fyrirtækinu okkar munu aðeins þeir einstaklingar sem í raun vinna úr persónuupplýsingunum þínum uppfylla skuldbindingar okkar við þig sem viðskiptavin.

Hvernig get ég fengið meiri upplýsingar um GDPR og gagna skoðun?

Persónuvernd ber ábyrgð því að lögum um GDPR sé fylgt eftir. Hver sá sem telur að fyrirtæki sé að brúðla með persónuupplýsingar getur komið á framfæri kvörtunum við Persónuvernd.

Nýjasta útgáfan af persónuverndarstefnunni er alltaf aðgengileg á ajvorulistinn.is